

**Frá fundi umhverfis- og skipulagsráðs dags. 11. október 2023:  
Lögð fram svohljóðandi tillaga Sósíalístaflokks Íslands:**

**Tillaga:**

Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir að fela umhverfis- og skipulagssviði að skoða heimildir og reglugerðir um hvernig skal staðið að bifreiðastæðum hreyfihamlaðra á einkalóðum og skoða sérstaklega hvort að borgin hefur heimild til að senda áminningar til húseigenda sem ekki fara að gildandi byggingarreglugerð nr. 112/2012 m.s.br., 5.2.4.gr.

**Greinargerð:**

Víða um borgina er að finna bílastæði ætluð hreyfihömluðum sem ekki standast reglugerð, eru ýmist of mjó, ekki rétt merkt, vörðuð köntum, vantar skilti á staur til að tryggja sjáanleika í snjó eða staðsetning þeirra óheppileg út frá aðgengissjónarmiði.

Flest þessara stæða eru á einkalóðum og undir húseiganda á hverjum stað komið, hversu rétt er að bílastæðinu staðið eða hvort úrbætur eiga sér stað, eftir að bent hefur verið á ágalla.

Enginn ber ábyrgð á að rétt sé að gerð bílastæðis hreyfihamlaðra á einkalóð staðið og enginn gerir húseiganda ábyrgan fyrir því að slík bílastæði standist reglugerðir.

Lögreglan sektar heldur ekki þá sem leggja í óleyfi í ólöglegum bílastæðum fyrir fatlaða og langveika heldur bendir á húseiganda sem getur hunsað slíkt án nokkurra afleiðinga.

**Byggingarreglugerð nr. 112/2012 [m.s.br.](#), 6.2.4 gr. hljóðar svo:**

Bílastæði hreyfihamlaðra skulu vera sérstaklega merkt á yfirborði og einnig með lóðréttu skilti. Þau skulu vera sem næst aðalinngangi bygginga, ekki fjær en u.þ.b. 25 m. Hindrunarlaus leið skal vera frá bílastæðum hreyfihamlaðra að aðalinngangi byggingar. Bílastæði hreyfihamlaðra og umferðarleiðir frá þeim að aðalinngangi byggingar skulu vera upphituð þar sem því verður við komið. Bílastæði hreyfihamlaðra skulu vera 3,80 m x 5,00 m að stærð eða 2,80 m x 5,00 m með hindrunarlausu 1,00 m breiðu umf ferðarsvæði samsíða. Bílastæði hreyfihamlaðra skulu vera með tryggu aðgengi að gönguleiðum. Eitt af hverjum fimm bílastæðum fyrir hreyfihamlaða, þó aldrei færri en eitt, skal vera 4,5 m x 5,0 m að stærð og við enda þeirra athafnasvæði, um 3 m að lengd. Bílastæði hreyfihamlaðra sem eru samsíða akbraut skulu vera 2,5 m x 8,0 m að stærð og þess gætt að hindrunarlaust svæði sé samsíða stæðunum gangstéttarmegin 2,0 m x 8,0 m að stærð.